



Samþykkt um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar 1. apríl 1939

Bjarni Benediktsson – Samþykkt um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar 1. apríl 1939

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Benediktsson

SAMÞYKKT

UM LAUN FASTRA STARFSMANNA

REYKJAVÍKURKAUPSTAÐAR



REYKJAVÍK — 1939 — ÍSAFOLDARPRENTSMJÐJA H.F.

I. KAFLI.

LAUNAKERFIÐ

1. gr.

Fastir starfsmenn bæjarins, hvort sem þeir eru skipaðir af bæjarstjórn eða á annan hátt, fá skipunarbréf hjá borgarstjóra eða hafnarstjóra. Fastir starfsmenn teljast þeir, sem gegna störfum tilgreindum í 5. gr., eða störfum, er síðar kunna að verða feld þar undir, og skipaðir eru í stöðurnar.

2. gr.

Föstum starfsmönnum bæjarins er skipað í 16 launaflokka á þann hátt, sem í 5. gr. segir. Borgarstjóri skal vera utan launaflokka, og ákveður bæjarstjórn laun hans. Starfsmenn í 1. launaflokki skulu fyrst um sinn ráðnir með sérsamningi.

3. gr.

Laun fastra starfsmanna miðast við útborgunareiningu (mánaðarlaun). Launin greiðast fyrirfram mánaðarlega með $\frac{1}{12}$ árslaunanna. Á meðan starfsmaður er settur í stöðu, fær hann greidd $\frac{3}{4}$ byrjunarlauna í sínum launaflokki. Nú flytst starfsmaður úr stöðu úr lægra launaflokki í stöðu í herra launaflokki og skal hann þá taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launaupphæð, er hann hafði náð í hinum lægra launaflokki.

4. gr.

Starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu bæjarins, taka laun í sínum launaflokki, eftir starfsaldri. Launin fara hækkandi árlega fyrstu 6 starfsárin, og ákveðast mánaðarlaun þannig:

| Launaflokkur | 1. ár | 2. ár | 3. ár | 4. ár | 5. ár | 6. ár | 7. ár og úr því |
|--------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|--------------------|
| II. | 600 | 620 | 640 | 660 | 680 | 700 | 720 |
| III. | 525 | 540 | 555 | 570 | 590 | 610 | 630 |
| IV. | 475 | 490 | 505 | 520 | 535 | 550 | 570 |
| V. | 425 | 435 | 450 | 465 | 480 | 495 | 510 |
| VI. | 375 | 385 | 395 | 405 | 420 | 435 | 450 |
| VII. | 350 | 360 | 370 | 380 | 390 | 405 | 420 |
| VIII. | 325 | 335 | 345 | 355 | 365 | 375 | 390 |
| IX. | 300 | 310 | 320 | 330 | 340 | 350 | 360 |
| X. | 300 | 310 | 320 | | | | |
| XI. | 275 | 280 | 290 | 300 | 310 | 320 | 330 |
| XII. | 250 | 255 | 260 | 270 | 280 | 290 | 300 |
| XIII. | 225 | 230 | 235 | 240 | 250 | 260 | 270 |
| XIV. | 200 | 205 | 210 | 215 | 220 | 230 | 240 |
| XV. | 175 | 180 | 185 | 190 | 195 | 200 | 210 |
| XVI. | 150 | 155 | 160 | 165 | 170 | 175 | 180 |

5. gr.

Skipun starfsmanna í launaflokka er þessi:

I. fl.

Hafnarstjóri
Rafmagnsstjóri
Bæjarverkfræðingur
Borgarritari
Gasstöðvarstjóri.

II. fl.

Deildarverkfræðingar.

III. fl.

Skrifstofustjórar
Aðalbókari á bæjarskrifstofunni
Bæjargjaldkeri
Byggingarfulltrúi
Húsameistari
Lóðaskrárritari
Aðalbókari Rafmagnsveitu
Gjaldkerar „ og Haðnar
Yfirvélstjóri „
Umsjónarmaður „

IV. fl.

Aðstoðarverkfræðingar
 Fulltrúar á skrifstofum
 Heilbrigðisfulltrúi
 Slökkviliðsstjóri
 Yfirlögregluþjónn
 Sundhallarforstjóri
 Yfirframfærslufulltrúi
 Aðalbókari Hafnar
 Yfirhafnsögumaður.

V. fl.

Forstöðumenn Bæjarbókasafns og Ráðningarskrifstofu
 Aðstoðarmenn á skrifstofum, 1. fl.
 Varaslökkviliðsstjóri
 Framfærslufulltrúar
 Verkstjórar við rafmagnsinnl. og taugakerfi Rafmagnsveitu
 Mælaprófari hjá Rafmagnsveitu
 1. vélstjórar
 Vélamenn á hafnsögubát
 Hafnsögumenn
 Verkstjóri í járnsmiðju Hafnar.

VI. fl.

Umsjónarmaður við innh. á bæjarskrifstofunni
 Mælingarmaður hjá bæjarverkfræðingi
 Húsasmíðameistari
 Verkstjórar
 Sundkennarar
 Yfirkyndari
 Aðstoðarmenn á skrifstofum, 2. fl.
 Vélstjórar
 Verkstjóri við trésmíði Hafnar.

VII. fl.

Bókarar
 Járnsmiðir, 1. fl.
 Rafvirkjar, 1. fl.
 Innlagningarmenn, 1. fl.
 Línumenn, 1. fl.
 Vélaviðgerðarmenn
 Slökkviliðsmenn
 Lögregluþjónar

Húsverðir við Sundhöll og barnaskóla
 Baðhúsvörður
 Mælaviðgerðarmaður.

VIII. fl.

Skrifarar, 1. fl.
 Innheimtumenn, 1. fl.
 Umsjónarmaður með salernahreinsun
 Sótarar
 Eldfæraeftirlitsmaður
 Kyndarar
 Umsjónar- og afgreiðslumenn koks
 Járnsmiðir, 2. fl.
 Innlagningarmenn, 2. fl.
 Mælaálesarar
 Rafvirkjar, 2. fl.
 Viðgerðarmaður spennistöðva
 Línumenn, 2. fl.
 Birgðaverðir
 Umsjónarmenn við Sundhöll og Hafnarhús
 Vatnssölumenn við Höfn
 Kafari hjá Höfn.

IX. fl.

Sendimenn
 Innheimtumenn, 2. fl.
 Skrifarar, 2. fl.
 Bifreiðastjórar
 Umsjónarmaður við Sundlaugar
 Þvottalaugavörður
 Aðstoðarinnlagningamenn
 Aðstoðarrafvirkjar.

X. fl.

Fastir verkamenn.

XI. fl.

Laugarverðir við Sundhöll og Sundlaugar.

XII. fl.

Kvenskrifarar, 1. fl.
 Skrásetjari við Bæjarbókasafn
 Baðverðir við Sundhöll
 Klefaverðir við Sundhöll og Sundlaugar.

XIII. fl.

Kvenskrifarar, 2. fl.

XIV. fl.

Símaverðir
Þvottastúlka við Sundhöll.

XV. fl.

Ljósmæður
Byrjendur á skrifstofu.

XVI. fl.

Starfsstúlkur við Sundhöll.

II. KAFLI.

LAUNAUPPBÆTUR OG ÍVILNANIR

6. gr.

Launin skv. 5. gr. eru full laun. Engar ívilnanir eða launauppbætur umfram launagreiðslurnar, sem þar eru ákveðnar verða veittar, aðrar en þær, sem getur um í 7. gr., nema með sérstöku samþykki bæjarráðs eða eftir atvikum hafnarstjórnar. Húsaleiga þeirra starfsmanna, sem hafa húsnæði hjá bænum í sambandi við störf sín, skal dregin frá laununum eftir mati til skatts. Ljós og hita skulu þessir starfsmenn greiða sjálfir eftir kostnaðarverði, en ef vandkvæði eru á því, þá á sama hátt og húsnæðið, þ. e. eftir mati til skatts.

7. gr.

Þeir menn, sem bærinn leggur til fatnað vegna starfa þeirra, fá hann ókeypis eftir reglum, sem bæjarráð eða hafnarstjórn setja, enda er yfirmönnum þeim, er í hlut eiga, skylt að gæta þess, að þeim reglum sé fylgt. Fullan og jafnan rétt til einkennisbúnings hafa: Lögreglumenn, slökkviliðsmenn, hafnsögumenn, vélamenn á hafnsögubát, vatnsmenn við höfn og heilbrigðisfulltrúi. Varðstjórar lögreglunnar (3) fá fyrir störf sín aukabóknun, kr. 50.00 á mánuði. Bæjargjaldkeri og gjaldkerar Rafmagnsveitu og Hafnar fá árlega kr. 1000.00 í mistalningsfé hver. Bæjarráð setur reglur um greiðslu bifreiðakostnaðar fyrir starfsmennina.

8. gr.

Bæjarráð eða hafnarstjórn setja reglur um starfstíma í hverri starfsgrein, og skal miða við sex daga vinnuviku. Enginn fastur starfsmaður hefir rétt til aukagreiðslu fyrir eftirvinnu, helgidagavinnu né næturvinnu. Í þeim starfsgreinum, þar sem slík vinna er óhjákvæmileg, greiðist hún ekki aukalega, né neinar uppbætur, enda fáir þeir starfsmenn frí á öðrum tímum, sem aukavinnu svarar, og eftir þeim reglum er þar um gilda eða settar kunna að verða. Allir fastir starfsmenn hafa rétt og skyldu til sumarleyfa, eftir reglum, sem gilda um þau á hverjum tíma. Starfsmenn fá ekki kaupgreiðslur í stað sumarleyfa.

III. KAFLI.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. apríl 1939.

Þannig samþykkt af hafnarstjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur
1. apríl 1939.

8. gr.

Bæjarráð eða hafnarstjórn setja reglur um starfstíma í hverri starfsgrein, og skal miða við sex daga vinnuviku. Enginn fastur starfsmaður hefir rétt til aukagreiðslu fyrir eftirvinnu, helgidagavinnu né næturvinnu. Í þeim starfsgreinum, þar sem slík vinna er óhjákvæmileg, greiðist hún ekki aukalega, né neinar uppbætur, enda fáir þeir starfsmenn frí á öðrum tímum, sem aukavinnu svarar, og eftir þeim reglum er þar um gilda eða settar kunna að verða. Allir fastir starfsmenn hafa rétt og skyldu til sumarleyfa, eftir reglum, sem gilda um þau á hverjum tíma. Starfsmenn fá ekki kaupgreiðslur í stað sumarleyfa.

III. KAFLI.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. apríl 1939.

Þannig samþykkt af hafnarstjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur
1. apríl 1939.